

*Fjórðungssamband Vestfirðinga*



Króksfjarðarnes og Gilsfjörður

Mynd: Árni Geirsson

# **Samgöngur á Vestfjörðum**

**Skýrsla samgöngunefndar  
Fjórðungssambands Vestfirðinga**

**Ísafirði**  
**1. september 2008**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	- 2 -
Samantekt.....	- 4 -
Landsamgöngur.....	- 5 -
<i>Stofnvegir og samgöngusvæði</i> .....	- 5 -
Önnur markmið .....	- 6 -
Jarðgöng .....	- 6 -
Öryggismál.....	- 7 -
Vetrarþjónusta .....	- 8 -
Almenningssamgöngur.....	- 8 -
Vegtenging Árneshrepps .....	- 9 -
Ferðamannaleiðir .....	- 9 -
Greinargerð um markmið í vegamálum.....	- 10 -
Flugsamgöngur .....	- 12 -
Markmið .....	- 12 -
Greinargerð um flugsamgöngur .....	- 13 -
Hafnir og siglingar .....	- 15 -
Markmið .....	- 15 -
Greinargerð um hafnir.....	- 15 -
Fjarskipti .....	- 17 -
Markmið .....	- 17 -
Greinargerð um fjarskipti .....	- 18 -
Kort A. Vegakerfi á Vestfjörðum árið 2010 .....	- 19 -
Kort B Vegakerfið á Vestfjörðum árið 2018 .....	- 20 -
Kort C Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði .....	- 21 -
Viðaukar.....	- 22 -
<i>Skipan nefndarinnar</i> .....	- 22 -
<i>Fundargerðir</i> .....	- 23 -
<i>Ályktanir</i> .....	- 31 -

## **Inngangur**

Á 52. Fjórðungsþingi sem haldið var í september 2007 var samþykkt að fela fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum að taka til endurskoðunar stefnu sambandsins í samgöngumálum Vestfjarða frá árinu 2004. Fastanefnd skipa fjórir fulltrúar sem kjörnir eru á Fjórðungsþingi, auk formanns sem skipaður er af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Samþykkt var einnig að óskað yrði eftir tilnefningum sveitarfélaga sem ekki ættu fulltrúa í fastanefnd.

Í nefndinni sátu Anna Guðrún Edvardsdóttir formaður, skipuð af stjórn Fjórðungssambandsins. G. Ingólfur Benediktsson Árneshreppi, Guðbrandur Sverrisson Kaldrananeshreppi, Már Ólafsson Strandabyggð (situr einnig í fastanefnd), Sigurður Kjartansson Bæjarhreppi, Gústaf Jökull Ólafsson Reykhólahreppi (situr einnig í fastanefnd), Þórólfur Halldórsson Vesturbyggð (situr einnig í fastanefnd), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Tálknafjarðarhreppi, Birna Lárusdóttir Ísafjarðarbæ, Jóhann Hannibalsson Bolungarvíkurkaupstað, (situr einnig í fastanefnd) og Valgeir Rúnar Hauksson Súðavíkurhreppi.

Haldnir voru fjórir vinnufundir, þar af tveir fundir þar sem nefndin fékk til sín fulltrúa stofnana og nefnda stjórnvalda sem fjalla um málaflokka samgöngumála. Auk þess var gerð skrifleg könnun á meðal sveitarfélaga um stöðu hafnarmála. Samgöngunefnd fékk að reyna á eigin skinni erfiðleika í vetrarsamgöngum á Vestfjörðum, en illa gekk að ná fundum nefndarinnar saman eftir áramót. Fundaði nefndin því með aðstoð fjarfunda- og símabúnaðar, auk þess að nýta tölvupóst í sínum samskiptum. Samgöngunefndinni til aðstoðar við vinnuna voru Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri FV, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir starfsmaður FV. Einnig naut nefndin aðstoðar Gísla Eiríkssonar umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Ísafirði, Magnúsar Vals Jóhannssonar svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Norðvestursvæði, Guðbjarnar Charlessonar umdæmisstjóra Flugmálastjórnar á Vestfjörðum og Björns Davíðssonar þróunarstjóra Snerpu ehf og fulltrúa í FjarSKIPTARÁÐI. Kann hópurinn þeim bestu þakkir fyrir samstarfið.

Samstaða er innan starfshópsins um þær megináherslur sem lagðar eru í þessari skýrslu en þær byggja í grundvallaratriðum á þeim tillögum sem settar voru fram í stefnumótuninni frá árinu 1997. Hópurinn leggur þessa stefnumótun fyrir 53. Fjórðungsþing Vestfirðinga og felur hinum kjörnu fulltrúum fastanefndar að fylgja eftir efni hennar samkvæmt nánari ákvörðun Fjórðungsþings Vestfirðinga. Leggur starfshópurinn sérstaka áherslu á að skýrsla samgöngunefndar verði kynnt Alþingi og stjórnkerfi samgöngumála nú við endurskoðun nýrrar langtímasamgönguáætlunar til ársins 2018 og endurskoðun Fjarskiptaáætlunar.

## Samantekt

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga styður þau markmið sem lögð voru til grundvallar í stefnu í samgöngumálum í samþykktum 42. og 49. Fjórðungsþings Vestfirðinga frá árinu 1997 og 2004. Nefndin fagnar því að stór hluti þessara verkefna séu nú á samgönguáætlun 2007 - 2010, sjá kort A. Nefndin gerir um leið þá kröfu að innan næsta fjögurra ára tímabils 2011 – 2014, verði hafist handa við önnur tilgreind verkefni er falla að markmiðum nefndarinnar. Í lok samgönguáætlunar 2018 verði öllum þessum verkefnum lokið sjá kort B. Nefndin leggur áherslu á að langtímalausnir í vegagerð séu strax nýttar við að tryggja heilsárstengingu milli atvinnu- og þjónustusvæða. Gerð jarðganga er lykilþáttur í því verkefni og það er krafa samgöngunefndar að héðan í frá verði jarðgangaverkefni á Vestfjörðum samfelld í vinnslu. Hraða þarf rannsóknum í þessum efnum og vinna í framhaldinu jarðgangaáætlun, sem horfi til verkefna í framhaldi af gerð Dýrafjarðarganga og jarðganga undir Dynjandisheiði.

Flugsamgöngur eru lykilþáttur í samgöngukerfi landsins til að uppfylla þarfir um hraða og skilvirkni í viðskiptum, stjórnslu og þjónustusókn, milli höfuðborgar og landsbyggðar. Reykjavíkurlflugvöllur í Vatnsmýrinni og væntanleg samgöngumiðstöð við hann er lykilþáttur í þeirri mynd. Mikilvægt er að áætlunarflugvelli á Vestfjörðum geti þjónað sínu hlutverki árið um kring. Þættir er varða lengingu flugbrautar við Bíldudal og úrbætur í aðflugi á Ísafjarðarflugvelli og varavelli hans á Þingeyri eru þar mikilvægastir. Samgöngunefnd krefst þess einnig að Ísafjarðarflugvöllur uppfylli ákvæði reglugerðar um millilandaflugvelli og flugvernd. Samgöngunefnd leggur einnig til að rannsökuð verði til hlítar staðsetning nýs millilandaflugvallar á Vestfjörðum, sem þjónað geti algengustu farþega- og vöruflutningavélum sem nýttar eru í millilandaflugi í dag.

Samgöngunefnd fagnar þeim stóru áföngum sem hafa náðst í útbreiðslu farsímanets á landi og sjó á Vestfjörðum, einnig í útbreiðslu háhraðanets og sjónvarps. Skortur á öryggi og slök gagnaflutningsgeta um ljósleiðara eru hinsvegar að verða dragbítur á nýsköpun og þróun atvinnulífs og byggðar á Vestfjörðum. Samgöngunefnd gerir þá kröfu að stjórnvöld setji sem forgangsmál að hringtengja ljósleiðara um Vestfirði, sjá kort C.

## Landsamgöngur

### *Stofnvegir og samgöngusvæði*

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga styður þau markmið sem lögð voru til grundvallar í stefnu í samgöngumálum í samþykkt 42. Fjórðungspings Vestfirðinga frá árinu 1997 og ítrekuð við endurskoðun stefnunnar árið 2004.

Í fyrsta lagi, að skipta Vestfjörðum í fjögur samgöngusvæði, þ.e. Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Reykhólahrepp og Vestur Barðastrandasýslu. Í öðru lagi að setja fram þrjú meginatriði í eftirfarandi tímaröð:

1. Tenging innan samgöngusvæða Vestfjarða, þ.e. vegi með bundnu slitlagi milli þéttbýlisstaða, inn á flugvelli og inn á ferjustæði.
2. Tenging samgöngusvæða við þjóðvegakerfi landsins með uppbyggingu Vestfjarðavegar [nr 60] og vegar í Ísafjarðardjúpi [nr 61].
3. Tenging milli samgöngusvæða, með vegi um Arnkötuldal og göng milli Dýrafjarðar og Arnafjarðar og göng áfram undir Dynjandisheiði.

Með samþykkt Alþingis á þingsályktun um Samgönguáætlun 2007-2010 á vorþingi 2007 og viðauka hennar á vorþingi 2008 er lögð til veruleg aukning framlaga til vegamála. Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga fagnar því að hér fari saman markmið stjórnvalda og nefndarinnar. Nú megi horfa til þess að upphafleg markmið frá árinu 1997 verði að mörgu leyti uppfyllt í lok árs 2010. Í viðauka með skýrslunni hefur nefndin látið vinna kort (sjá kort A) sem lýsir stöðu framkvæmda á þessum tímamarki.

Eftir standa þó stór verkefni sem verður að ljúka, til að náð verði endanlegum markmiðum. Setja verður þá kröfu að þau verkefni verði tímasett á fyrri hluta tímabils langtímaáætlunar í samgöngumálum sem lögð verður fyrir Alþingi haustið 2008, þ.e:

1. Ljúka framkvæmdum á vegi með bundnu slitlagi að flugvelli í Patreksfirði [nr 612].
2. Lokaáfangi framkvæmda á Vestfjarðavegi 60 milli Flókalundar og Bjarkarlundar með þverun Kjálkafjarðar og Þorskafjarðar [nr 60].
3. Samhliða framkvæmdum við jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verði hafist handa við framkvæmdir með áframhaldandi jarðgöngum um Dynjandisheiði [nr 60].

Nefndin hefur einnig látið vinna kort (sjá kort B) sem gefur mynd af stöðu landsamgangna í lok samgönguáætlunar 2007-2018, verði farið að framangreindum markmiðum nefndarinnar og öðrum markmiðum sem hér verða tilgreind.

### ***Önnur markmið***

Nú verður lýst öðrum markmiðum í landsamgöngum er varða; jarðgöng, öryggismál, vetrarþjónustu, almenningssamgöngur, vegtengingu Árneshrepps og ferðamannaleiðir.

### ***Jarðgöng***

Reynslan af gerð jarðganga sannar að hér er um að ræða varanlega lausn í vegagerð. Lausn sem hefur einnig víðtæk áhrif á þróun samfélaga á áhrifasvæðum þeirra. Aðstæður á Vestfjörðum gera jarðgöng og undirbúning þeirra að kjarna í skipulagi samgöngumála.

Eftir 12 ára hlé er á árinu 2008 aftur hafin gerð jarðganga á Vestfjörðum með framkvæmd Óshlíðarganga. Þessu ber að fagna en göngin eru nauðsynleg framkvæmd með tilliti til öryggis vegfarenda. Samgöngunefnd lýsir einnig yfir ánægju með að ákvörðun liggja nú fyrir um upphaf framkvæmda við gerð jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, eða Dýrafjarðagöng. Upphaf framkvæmda verða seinni hluta árs 2009 en framkvæmdir eiga að hefjast með fullum þunga á árinu 2010. Samgöngunefnd áréttar þó í þessu samhengi að hafinn verði nú þegar undirbúningur að rannsóknum og hönnun jarðganga undir Dynjandisheiði. Þetta verkefni verði að samræma við framkvæmd Dýrafjarðarganga þannig að full not verði af samgöngumannvirkjunum eins fljótt og mögulegt er.

Samgöngunefnd setur að markmiði að árið 2008 verði upphafsár samhangandi verkefna í jarðgangagerð á Vestfjörðum og að lágmarki verði framkvæmdir við ein jarðgöng á Vestfjörðum. Mikilvægt er í þessum efnum að auka nú þegar fé til Vegagerðarinnar til rannsókna varðandi alla mögulega jarðgangakosti, til að skapa heildarsýn varðandi jarðgangaáætlun á Vestfjörðum. Jarðgöng undir Dynjandisheiði komi þar fyrst til skoðunar, en gerð verði í framhaldinu heildaráætlun um jarðgangagerð á Vestfjörðum þar sem lagðar eru til grundvallar forsendur um þróun samfélags, atvinnulífs, innviði Vestfjarða og öryggi vegfarenda s.s. gagnvart ofanflóðum.

### **Öryggismál**

Uppbygging vegakerfisins á Vestfjörðum hefur tekið fleiri áratugi og á enn langt í land. Víða er nú að finna vegi með eða án slitlags sem ekki uppfylla kröfur um öryggi vegfaranda, má þar nefna breidd á slitlagi, einbreiðar brýr, vöntun á vegriðum og burðarþoli.

- Samgöngunefnd Fjórðungssamband Vestfirðinga setur það markmið að við endurskoðun langtímasamgönguáætlunar 2007-2018 verði gert ráð fyrir að stofnvegir milli þéttbýlisstaða á Vestfjörðum uppfylli allar öryggiskröfur sem gerðar eru til stofnvega í landinu.

Öryggi vegfarenda á Vestfjörðum er víða hætt vegna ofanflóða. Unnið hefur verið að úrbótum til að draga úr þeirri hættu, en varanleg lausn felst oftast ekki í gerð jarðganga. Bið eftir varanlegum lausnum í þessum efnum getur tekið nokkur ár, en slíkt telur nefndin óásættanlegt og að fara verði í aðrar úrbætur nú þegar, svo sem á vegi á milli Súðavíkur og Ísafjarðar.

- Sett er að markmiði fara í úrbætur á vegum til að draga úr hættu af ofanflóðum á meðan beðið er varanlegra lausna.



### ***Vetrarþjónusta***

Vegir hafa víðast verið byggðir uppúr snjó og því eru hálka og óveður oftast en ekki meiri farartálmur en snjóalög. Til að tryggja samskipti og þjónustu við íbúa og atvinnulíf þarf öflug og skilvirka vetrarþjónustu.

Illu heilli hafa breytingar í flugi og siglingum á síðustu árum dregið úr samskiptum á milli samgöngusvæða á Vestfjörðum. Áætlanir gera nú ráð fyrir að heilsársamgöngur á Vestfjörðum verði að mestu komnar á undir lok árs 2012. Leita verður allra leiða til að auðvelda samgang á milli núverandi samgöngusvæða fram að þeim tíma svo að samskipti eflist eftir því sem kostur er. Nýta ber allar leiðir s.s. aukinn snjómokstur vega og skipulagningu flug- og sjóferða eftir því sem þörf er á. Tryggja verður að ekki verði dregið úr snjómokstri innan samgöngusvæða þó skilgreining vega breytist, en dagleg þjónustusókn yfir langar vegalengdir eru staðreynd s.s. í Bæjarhreppi [vegur 61] og víðar.

- Sett er að markmiði að efla vetrarþjónustu til að auðvelda samskipti á milli og innan samgöngusvæða á Vestfjörðum.

### ***Almenningssamgöngur***

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga telur mikilvægt að vægi almenningssamgangna innan samgöngusvæða á Vestfjörðum verði aukið.

Samgöngunefnd tekur undir samþykkt Vinnu- og atvinnuáráðs Vestfirðinga að gerð verði úttekt á kostnaði við að koma á almenningssamgöngum á Vestfjörðum til að styrkja atvinnulíf og auðvelda með því vinnusókn á milli svæða. Hækkandi eldsneytisverð mun einnig auka áhuga fyrir almenningssamgöngum. Ísafjarðarbær hefur í þessum efnum sýnt verulegt frumkvæði með því að bjóða gjaldfrjálssar almenningssamgöngur innan sveitarfélagsins.

- Sett er að markmiði að auka vægi almenningssamgangna í sveitarfélögum á Vestfjörðum og að samráð samgönguráðuneytis við sveitarfélög á Vestfjörðum verði aukið við veitingu sérleyfa.

### ***Vegtenging Árneshrepps***

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga bendir á ítrekaðan vilja Alþingis í reglulegum umræðum um framgang þingsályktunar um *aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu* frá árinu 2003. Margvíslegar tillögur voru settar fram af hálfu starfshóps sem skipaður var í framhaldi ályktunarinnar. Fáar þeirra hafa fengið framgang, en hljómgrunnur hefur verið um tillögu um úrbætur í vegasamgöngum.

- Samgöngunefnd setur að markmiði að gerð verði framkvæmdaáætlun um endurbætur á Strandavegi [nr 643] og tryggt verði fjármagn í gegnum samgönguáætlun.

### ***Ferðamannaleiðir***

Í samgönguáætlun Alþingis hafa verið skilgreindir aðrir flokkar vega en stofnvegir og tengivegir, má þar nefna ferðamannaleiðir og þjóðgarðsvegi. Hefur þetta verið gert til að flýta framkvæmdum umfram hefðbundna tengivegi. Skilgreining á þessum vegaflokkum hefur ekki verið nægjanlega skýr, fjármagn hefur einnig verið takmarkað og því nýst til færri verkefna en skildi. Vegtenging Árneshrepps um Strandaveg [nr 643] hefur t.d. notið stuðnings sem ferðamannaleið en er um leið tengivegur. Nefna má aðrar ferðamannaleiðir sem einnig eru mikilvægar fyrir ferðaþjónustu á Vestfjörðum s.s. Örlygshafnarvegur út á Látrabjarg [nr 612], Ketildalavegur til Selárdals [nr 619] og vegur fyrir nes milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar [nr 622].

- Samgöngunefnd setur að markmiði að aukið verði fé til ferðamannaleiða og þær skilgreindar nánar en gert er í dag.

### ***Greinargerð um markmið í vegamálum***

Nútímasamfélög byggja á þeirri forsendu að fólksflutningar og þungaflutningar á landi gangi án vandkvæða árið um kring. Flest vestræn ríki hafa byggt upp tvennskonar samgöngukerfi á landi, þ.e. járnbrautakerfi og vegakerfi, auk þess sem flutningar hafa farið um vatnakerfi þessara ríkja um aldir. Landssamgöngur á Íslandi byggja eingöngu á einu samgöngukerfi þ.e. vegasamgöngum. Vegakerfið hefur lengi verið í uppbyggingu vegna takmarkaðs fjármagns til málaflokksins, sjóflutningar voru því nýttir sem flutningsleið. Undir lok tíunda áratugarins tóku flutningsfyrirtæki ákvörðun um að beina þungaflutningum nær eingöngu á vegakerfið, byggt á þeirra mati um að stofnvegakerfið á milli stærstu þéttbýlissvæða landsins gæti tekið við slíkum flutningum. Kröfur um daglega flutninga komu einnig frá atvinnulífi varðandi flutning hráefnis, afurða og almennra aðfanga. Krafa íbúa var einnig samhljóma um flutning dagvöru og þjónustu Vegakerfið á Vestfjörðum var á þessum tíma vanbúið að taka við slíkri aukningu á þungaumferð og versnaði samkeppnisstaða atvinnulífs og byggðar verulega. Hér skorti á burðarþol og bundið slitlag, auk árvissrar lokunar vega vegna vetrarófærðar. Samgöngukerfið á Vestfjörðum hafði því lengi verið skipulagt með tilliti til þessa. Þungaflutningar og hluti fólksflutninga fóru fram á sjó auk fólksflutninga með flugi. Kerfið var skilvirkt og tryggði flutninga á milli samgöngusvæða, þó ekki með þeim hraða og/eða magni sem landsamgöngur geta tryggt. Áhrif ákvörðunar flutningsfyrirtækja um að færa þungaflutninga á land var metin að hálfu starfshóps samgönguráðuneytis frá 2007. Í skýrslu starfshópsins, “Stytting strax”, var kostnaðarauki við flutninga um Djúpveg metin á 150 m.kr. eða 15-20 % miðað við flutninga á stofnvegum í flestum öðrum landshlutum.

Til að bæta samkeppnisstöðu byggðar og atvinnulífs var ljóst að byggja yrði upp vegakerfið, jafnt til að tengja við stofnvegakerfi landsins og milli samgöngusvæða til að efla Ísafjörð sem byggðakjarna. Niðurstaða starfshóps um samgönguáætlun árið 1997 var að verkefni í vegasamgöngum væru það umfangsmikil að nauðsynlegt væri að setja þau í ákveðna forgangsröð. Hægt gekk í fyrstu, en með auknu vegafé á síðustu árum sér nú fyrir endann á stærstum hluta þeirra verkefna sem sett eru fram í markmiðum nefndarinnar.

Ný staða er því að myndast þar sem telja verður að markmið stjórnvalda og markmið samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga fari nú að meginhluta saman. Ekki er síður mikilvægt að samgönguframkvæmdir eru nú í takti við samþykktir Alþingis um Bygðaaáætlun 2002-2005 og 2006-2009. En eitt af meginmarkmiðum þeirra áætlana er uppbygging byggðakjarna utan höfuðborgarsvæðis, þ.e. Ísafjörður, Akureyri og Mið-Austurland. Sambærileg markmið um Ísafjörð sem byggðakjarna Vestfjarða voru einnig sett fram í Vaxtarsamningi Vestfjarða frá árinu 2005. Horft til Mið-Austurlands og Akureyrar má telja að stjórnvöld hafi á síðustu árum einbeitt sér að uppbyggingu grunngerðar framangreinda byggðakjarna. Telja verður að lokaátakið í uppbyggingu grunngerðar byggðakjarna sé nú á Vestfjörðum.

Ný verkefni hafa einnig komið fram sem styrkja framangreind markmið og eru sambærileg við uppbyggingu byggðakjarnanna á Akureyri og Mið-Austurlandi. Hér er vísað til niðurstaðna af staðarvalsverkefni Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem gefa til kynna að forsendur séu fyrir starfsemi hafnsækings stóriðnaðar í Arnarfirði og í Dýrafirði. Ein af meginforsendum þeirrar niðurstöðu er að komið verði á heilsárs vegsamgöngum milli atvinnusvæðanna í Vestur Barðastrandasýslu og Ísafjarðarsýslum.

Það eykur mikilvægi framangreindra verkefna að fyrirbyggjandi eru áform fjárfesta um byggingu og rekstur olíuhreinsunarstöðvar við Hvestu í Arnarfirði, sem hæfi starfsemi um fjórum til fimm árum frá ákvörðun um framkvæmd. Horfa ber einnig til samþykkrar þingsályktunar Alþingis á vorþingi 2007, þess efnis að skoða beri möguleika þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við Austur Grænland. Þar segir einnig að kanna beri möguleika á uppbyggingu og rekstri stórskipahafnar með tilliti til aukinna siglinga á Norðurhöfum. Áform um virkjun vatnsfalla í Ófeigsfirði með fastri búsetu þar, breyta á sama hátt forsendum og þrýsta á vegagerð á þessu svæði. Í tengslum við framangreind verkefni er hafður sá fyrirvari á að framkvæmdaaðilar komi að vegagerð á viðkomandi svæðum líkt og annars staðar á landinu.

## **Flugsamgöngur**

Nauðsynlegt er að tryggja greiðar og öruggar flugsamgöngur til og frá Vestfjörðum.

Ferðatími Vestfirðinga til Reykjavíkur, búsettra norðan Bjarnafjarðar og vestan Reykhólahrepps, mun þrátt fyrir vegabætur vera lengri en þrjár klukkustundir. En það er talin vera sá tími sem þurfi að fara niður fyrir til að forsendur fyrir flugi haldist.

### ***Markmið***

- Að bæta aðstæður á Ísafjarðarflugvelli þannig að hann uppfylli skilyrði reglugerðar um millilandaflugvelli og flugvernd.
- Að Bíldudalsflugvöllur verði lengdur til þess að geta þjónað þeim flugvélakosti sem nýttur er í innanlandsflugi í dag.
- Þingeyrarflugvöllur verði betur nýttur sem þverbraut og varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll.
- Að miðstöð innanlandsflugs verði áfram staðsett í Vatnsmýrinni og þar verði byggð samgöngumiðstöð til að veita þeim sem nota flugvöllinn sem besta þjónustu. Kannað verði hvernig megi auka og samræma flug milli landshluta með eða án viðkomu á Reykjavíkurflugvelli.
- Að viðurkenndum landingarstöðum í fjórðungnum, sem ekki eru nýttir til áætlunarflugs, verði áfram viðhaldið, enda gegna þeir mikilvægu öryggishlutverki og eru jafnframt liður í vaxandi ferðaþjónustu á Vestfjörðum.
- Að tryggja áfram öruggt sjúkraflug í fjórðungnum enda getur það skipt sköpum í samfélagi sem er fjarri þeirri sérhæfðu heilbrigðisþjónustu sem í boði er á höfuðborgarsvæðinu.
- Að vestfirskir áætlunarflugvellir verði jafnan útbúnir fullkornustu öryggistækjum sem flugöryggisstaðlar mæla fyrir um auk þess sem möguleikar á kvöld- og næturflugi verði nýttir til hins ýtrasta.
- Að gerð verði úttekt á möguleikum á gerð millilandaflugvallar á Vestfjörðum. Horft verði til allra Vestfjarða í þeim efnum og samþætt við tengingar samgöngusvæða nú á næstu árum.

### ***Greinargerð um flugsamgöngur***

Eins og getið er í kaflanum um vegasamgöngur þá byggja landsamgöngur á Íslandi á færri samgöngukerfum en gerist í öðrum vestrænum ríkjum. Sjá má samhengi í því að flugsamgöngur á Íslandi hafa að stórum hluta komið í stað járnbrautasamgangna fyrir fólksflutninga og að hluta til vegna flutninga á dagvöru og þjónustu. Mikilvægi flugsamgangna á Íslandi er því þeim mun meiri í þessu ljósi og staða Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni er þá líkt og járnbrautarstöð í miðborgum annarra landa. Samtenging flugsamgangna innan nýrrar samgöngumiðstöðar í Vatnsmýrinni mun á allan hátt geta bætt þjónustu við farþega og aukið skilvirkni samgöngukerfisins. Auk þess að geta styrkt gagnkvæm tengsl mennta-, rannsóknar- og menningarumhverfis í miðborg Reykjavíkur við sambærilega starfsemi í öðrum byggðakjörnum landsins.

Níu flugvællir eru á Vestfjörðum sem skilgreindir eru í grunnneti Flugmálastjórnar. Áætlunarvællir eru Bíldudalsflugvöllur, Gjögurflugvöllur og Ísafjarðarflugvöllur, með Þingeyrarflugvöll skilgreindan sem varaflugvöll. Aðrir flugvællir eru Patreksfjarðarflugvöllur, Arnagerðareyrarflugvöllur, Hólmavíkurflugvöllur, Reykhólaflugvöllur og Reykjanesflugvöllur. Uppbygging og viðhald áætlunarflugvallar er fyrirbyggjandi en minnt er á að mikilvægi þess að viðhalda þeim fimm flugvöllum í fjórðungnum, sem ekki eru skilgreindir sem áætlunarflugvællir. Þeir eru mikilvægir í samgönguneti Vestfjarða, ekki síst þar sem þeir gegna brýnu öryggishlutverki sem sjúkra- og varaflugvællir. Til framtíðar litið gætu þeir einnig nýst í uppbyggingu ferðaþjónustu, s.s. Patreksfjarðarflugvöllur með tilliti til nálægðar hans við Látrabjarg. Það eykur einnig kosti hans að hann er lagður með bundnu slitlagi.

Áreiðanleiki og tíðni flugferða í áætlunarflugi eru meginforsendur þeirra sem reka flugþjónustu og þeirra sem nýta hana. Vegna fækkunar íbúa hefur sumstaðar skapast sú staða að ekki er hægt að reka áætlunarflug á markaðsforsendum. Ríkisvaldið hefur því komið inn og styrkt áætlunarflug á skilgreindum leiðum. Einnig getur háttáð þannig til að flug sé eina heilsársamgönguleiðin eins og fyrir íbúa Árneshrepps.

Náttúruferðastæður hafa einnig veruleg áhrif á áreiðanleika flugs. Á síðustu 10 árum hafa að meðaltali fallið niður um 100 áætlunarflug á Ísafjarðarflugvöll á ári. Nú þegar búið er að gera umfangsmiklar og kostnaðarsamar breytingar á Þingeyrarflugvelli er ekki

óeðlilegt að ætlast til þess að áætlunarflug verði skipulagt á þann máta að Þingeyrarflugvöllur verði nýttur sem varaflugvöllur eins og kostur er.

Millilandaflugvöllir eru nú staðsettir á Norðurlandi, Austurlandi, Suðurnesjunum og í Reykjavík. Það er því ekki óeðlileg krafa að fjármagni verði veitt til þess að gera það kleift að opna að nýju fyrir millilandaflug frá Ísafjarðarflugvelli, eftir að staða hans breyttist vegna breytinga á reglugerðum um millilandaflugvelli og flugvernd. Ísafjarðarflugvöllur hafði áður stóru hlutverki að gegna í Grænlandsflugi Flugfélags Íslands og við þessa breytingu yrði það án efa að nýju. Hér má einnig vísa til þingsályktunar frá Alþingi 2007, um að gerð verði könnun á að á norðanverðum Vestfjörðum verði þjónustumiðstöð við Austur Grænland. Og viljayfirlýsingar Utanríkisráðuneytis og Ísafjarðarbæjar frá í ágúst 2008, um könnun á möguleikum á aukin samskipti og viðskipti við Grænland, með áherslu á Austur Grænland. Slík breyting myndi jafnframt opna á möguleika í tengslum við inn- og útflutningsmál og ferðaþjónustu í fjórðungnum, þó að umhverfisaðstæður hindri að hægt sé að lenda stórum þotum á Ísafjarðarflugvelli. Horfa má einnig til lengingar Bíldudalsflugvallar í þessu samhengi.

Samgöngunefnd telur hinsvegar að ganga verði lengra er varðar stöðu millilandaflugs á Vestfjörðum. Kanna verður til hlítar hvort finnist umhverfisaðstæður á Vestfjörðum sem leyfi byggingu millilandaflugvallar þar sem stærri þotur geti athafnað sig. Telja verður að það bæti um betur við það sem hér að framan er sagt, varðandi samkeppnisstöðu atvinnugreina s.s. sjávarútvegs og ferðaþjónustu. Horft til lengri tíma verður að segja að tenging við millilandaflugvöll verði ein meginforsenda í möguleikum er varðar uppbyggingu þjónustuhafnar vegna siglinga á Norðurhöfum. Millilandaflugvöllur innan ákveðinnar fjarlægðar ætti einnig að vera kostur fyrir fjárfesta sem hafa uppi áform um byggingu og rekstur olíuhreinsunarstöðvar eða annars stóriðnaðar.

## **Hafnir og siglingar**

Þrátt fyrir verulegan samdrátt í sjávarútvegi er ljóst að hafnirnar eru og verða áfram lífæðar byggðarlaganna á Vestfjörðum. Með niðurskurði aflaheimilda í þorski á síðasta ári er þó ljóst að rekstur hafna verður jafnvel enn erfiðari en áður, vegna samdráttar í fiskveiðum og lönduðum afla. Tekjur flestra hafna hafa því dregist mikið saman og rekstri þeirra hagrætt á margvíslegan hátt. Hjá mörgum er ástandið þannig að ekki er hægt að hagræða meira, þótt einhver sóknarfæri séu í sjónmáli, einkum í ferðaþjónustu. Hugsanlegar breytingar í sjóflutningum gætu einnig haft hér áhrif.

### ***Markmið***

- Að tryggt verði að sveitarfélögin fái aukin framlög til að standa að nauðsynlegum endurbótum og viðhaldi hafna.
- Að núverandi veiðigjald renni að hluta til fiskihafna og geri það einnig eftir að veiðigjald á þorski og rækju verður tekið upp að nýju eftir fiskveiðiárið 2008/2009.
- Að höfnum verði gert kleift að laga sig að breyttum aðstæðum, hvort heldur er vegna samdráttar eða aukinna umsvifa, t.a.m. í tengslum við uppbyggingu í ferðaþjónustu.
- Að samkeppnisstaða hafna á landsbyggðinni miðað við hafnir á höfuðborgarsvæðinu verði tryggð.
- Öryggi sjófarenda verði tryggt með hafnarmannvirkjum sem uppfylla ítrustu öryggiskröfur hins opinbera.

### ***Greinargerð um hafnir***

Alls eru fjórtán starfandi hafnir á Vestfjörðum. Flestar eiga þær það sameiginlegt að öll útgerð báta og skipa hefur minnkað verulega, einkum nú eftir niðurskurð á aflaheimildum í þorski. Í kjölfar þessa samdráttar hafa tekjur hafnanna dregist verulega saman, en á sama tíma hefur viðhaldsþörf frekar aukist, einkum þar sem oft er um eldri mannvirki er að ræða.

Nú er brýnt, sem áður, að gæta þess að fórnar ekki mannvirkjum sem tímabundið nýtast illa og skila ekki arði. Aðstæður breytast ört og ekki ólíklegt að í náinni framtíð verði



hafnirnar að nýju miðstöðvar athafna- og viðskiptalífs sem þær áður voru, hvort sem það verði í tengslum við sjávarútveg, ferðaþjónustu eða annað. Má þar nefna möguleika í aukinni þjónustu við Austur Grænland, uppbyggingu stórrar þjónustuhafnar vegna siglinga á Norðurhöfum og aukning sjóflutninga vegna hækkunar eldsneytisverðs. Þangað til er þó mikilvægt að sveitarfélög fái aðstoð við rekstur og viðhald hafna.

Nýjar og auknar kröfur eru einnig fyrir hendi. Má þar helst nefna komur stórra skemmtiferðaskipa, einkum til Ísafjarðar, sem og útgerð svokallaðra sjóstangveiðibáta en vinsældir þeirra hafa aukist mikið á allra síðustu árum.

Að þessu sögðu er ljóst að tekjur hafnanna þurfa að vera tryggar til að geta brugðist við breyttum aðstæðum hverju sinni. Ein leið til að tryggja tekjur hafna gæti verið að hluti núverandi veiðigjalds myndi renna til hafnanna, sem og af veiðigjaldi af þorski og rækju eftir að það verður tekið upp að nýju, fiskveiðiárið 2008/2009.

Áríðandi er að hafnir á Vestfjörðum uppfylli alla staðla hins opinbera um öryggi sjófarenda og annarra sem athafna sig á hafnarsvæðum. Með það í huga og það hversu sögulega mikilvægar hafnirnar eru þarf að gæta þess að hafnarmannvirki grotni ekki niður með þeim afleiðingum að þau verði bæði hættuleg og til lýta.

## **Fjarskipti**

Greið og örugg fjarskipti og gagnaflutningar eru í dag ein af grunnforsendum í uppbyggingu nútímasamfélaga. Má í raun fullyrða að öflug fjarskipti geti skipt sköpum fyrir framtíðarþúsetu á Vestfjörðum. Aðgengi hinna dreifðu byggða að upplýsingasamfélaginu mun því ráða miklu um samkeppnisstöðu þeirra og fylgja eftir þróun og uppbyggingu atvinnulífs, menntunar, heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslu. Stjórnvöld leggja nú mikinn metnað í að efla gagnaflutninga til og frá Íslandi, með nýjum sæstrengjum. Í því verkefni verður að gæta þess að allir landsmenn geti nýtt þá sameiginlegu framkvæmd, hringtenging ljósleiðar um Vestfirði er liður í slíku verkefni..

## **Markmið**

- Að tryggja öryggi gagnaflutningskerfis á Vestfjörðum með hringtengingu ljósleiðarans. Öruggar og samkeppnishæfar gagnaflutningsleiðir eru forsenda fyrir rekstri fyrirtækja, stofnana og þjónustu hins opinbera sem og fyrir nýrri fjárfestingu á Vestfjörðum.
- Tryggja samkeppni á fjarskiptamarkaði á Vestfjörðum með hringtengingu ljósleiðara sem tengist í Bifröst í Borgarfirði, og/eða með sölu eða leigu á þeim þráðum sem hafa verið í eigu Mannvirkjasjóðs NATO.
- Að ADSL endabúnaður á Vestfjörðum verði uppfærður þannig að þeir sem hafa aðgang að ADSL tengingu hafi kost á að kaupa afþreyingarefni og aðra slíka þjónustu sem í boði er.
- Að tengingu allra húsa á Vestfjörðum við háhraðanettengingu verði flýtt sem kostur er, til að bæta þjónustu og lækka kostnað. En ljóst að þeir sem enn hafa lakari tengingu en ADSL búa við mikinn aðstöðumun.,.
- Að haldið verði áfram uppbyggingu þeirra fjarskiptakerfa og dreifikerfi ljósvakamiðla sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi á sjó og landi þannig að þau nýtist sem flestum. Sérstaklega er þetta mikilvægt á þeim svæðum þar sem byggð er strjál og veðurskilyrði erfið.

### ***Greinargerð um fjarskipti***

Nú hillir undir að GSM samband og háhraðanettningar á Vestfjörðum komist í viðunandi horf á næstu misserum, eftir verulegar tafir á þeirri framkvæmd. Aðgangur að gagnaflutningskerfum í grunnneti Mílu ehf. er takmarkaður við þéttbýliskjarna á Vestfjörðum. Þó eru þéttbýlisstaðirnir Borðeyri og Drangnes enn án ADSL þjónustu og eru sveitarfélögin Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Bæjarhreppur í heild án aðgangs að ADSL þjónustu. Á Drangnesi býður þó einkafyrirtæki upp á háhraðatengingu um þráðlaust netkerfi (örbylgjusamband).


Þrátt fyrir að þeim þéttbýliskjörnum sem hafa aðgang að ADSL þjónustu hafi fjölgað, er ljóst að enn þarf úr að bæta til að gagnaflutningsmöguleikar og öryggi fjarskipta á Vestfjörðum verði sambærilegt við það sem best gerist. Með hringtengingu ljósleiðarans yrði öryggi fjarskipta á Vestfjörðum sambærilegt við það sem gerist annars staðar í dag á landinu, ef undanskilin eru Snæfellsnes og Melrakkaslétta. Með hringtengingu væri jafnframt hægt að bæta dreifikerfi RÚV.

Rétt er að geta þess að á meðan unnið var að endurskoðun samgönguáætlunar Fjórðungssambandsins voru einnig tekin mikilvæg skref í þessum málaflokki. Í fyrsta lagi stefnir í að við árslok 2008 nái útbreiðsluvæði GSM senda símafyrirtækja yfir nær alla Vestfirði sem tryggir útbreiðslu yfir alla byggð og stofnvegi í fjórðungnum, auk þess að ná á haf út. Í öðru lagi hefur verið auglýst eftir tilboðum varðandi uppbyggingu háhraðanettenginga sem felur í sér stuðning frá Fjarskiptasjóði. Vænst er niðurstöðu þessa útboðs haustið 2008. Og í þriðja lagi var auglýst eftir tilboðum um borgaraleg afnot tveggja þráða af þremur sem nýttir hafa verið fyrir loftvarnakerfi landsins. Vænst er niðurstöðu haustið 2008 og talið er mögulegt fyrir fjarskiptafyrirtæki að samnýta þetta útboð með útboði á háhraðaneti og þannig bætt gæði og flutningsgetu. Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur einnig kynnt stjórn sambandsins stöðu þessa málaflokks. Stjórn sambandsins telur miðað við stöðu mála, að fylgja verði eftir hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði. Hefur stjórn ritað samgönguráðherra bréf þar sem sett eru fram skilgreindar leiðir til að vinna að þessu verkefni, einnig hefur stjórn tekið upp samstarf við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða um vinnu að því máli.

## Kort A. Vegakerfi á Vestfjörðum árið 2010

VEGAKERFI Á VESTFJÖRÐUM SAMKVÆMT VEGAÁÆTLUN TIL 2010

A



- JARÐGÖNG
- JARÐGÖNG Í FRAMKVÆMD
- MALARVEGUR
- SUMARVEGUR
- VEGUR MEÐ BUNDNU SLITLAGI
- VEGUR MEÐ BUNDNU SLITLAGI Í FRAMKVÆMD
- NÚMÉR ÞJÓBVEGAR



FJÖRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

VESTFIRÐIR  
 Yfirfyrirspáttillur Mkv. 11850.000-  
 Korstapunnur frá Landmælingum Íslands  
 Tæknipjónusta Vestfirða ehf  
 Adalstræti 26, 400 Ísafirði. Sími: 456 3502

## Kort B Vegakerfið á Vestfjörðum árið 2018

### VEGAKERFI Á VESTFJÖRÐUM SAMKVÆMT MARKMIÐUM SAMGÖNGUNEFNDAR FJÖRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA UM VEGAÁÆTLUN TIL 2018

B



## FJÖRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA


### VESTFIRÐIR

Yfirfyrirspáttillur | Mkv. 11850/000-  
Kortagagnunur frá Landmælingum Íslands  
Tæknipjónusta Vestfirðna ehf  
Aðalstræti 26, 400 Ísafirði. Sími: 456 3902

# Kort C Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði

## NÚVERANDI STOFNSTRENGIR LJÓSLEIÐARA OG HUGMYNDIR UM HRINGTENGINGU

C



## **Viðaukar**

### ***Skipan nefndarinnar***

**Samþykkt 52. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haldið á Tálknafirði 6. og 7. september 2007**

### **Samgöngumál**

*52. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Tálknafirði 7. – 8. september 2007 felur fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál, að endurskoða stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum frá árinu 2004. Lagt er til að öll sveitarfélög á Vestfjörðum eigi fulltrúa í nefndinni.*

### **Greinargerð**

Umfangsmiklar samgöngubætur eru að verða að veruleika á Vestfjörðum og eru þær í samræmi við áherslur Fjórðungssambands Vestfirðinga. Enn er þó ólokið stórum forgangsmálum í samgöngumálum fjórðungsins og ber þar hæst Vestfjarðarveg milli Flókalundar og Bjarkalundar ásamt jarðgangagerð milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og áfram undir Dynjandisheiði.

Nauðsynlegt er að norðanverðir og sunnanverðir Vestfirðir verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði og nýframkvæmdir í vega og jarðgangagerð geri það kleift.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á nauðsyn þess að samráð Vegagerðarinnar við sveitarstjórnir og landeigendur við undirbúning vegaframkvæmda verði aukið til muna. Slíkt samráð skal hefjast strax við áætlunargerð um legu vega.

### **Um samgöngunefnd**

Samgöngunefnd skipa fulltrúar í fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál voru kjörnir á 51. Fjórðungsþingi Vestfirðinga; Anna Guðrún Edvarðsdóttir, skipuð af stjórn FV, Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólahreppi, Már Ólafsson, Strandabyggð, Jóhann Hannibalsson, Bolungarvíkurkaupstað, Þórólfur Halldórsson, Vesturbyggð.

Með bréfi Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 1. nóvember 2007 var óskað eftir tilnefningum sveitarfélaga sem ekki hefðu fulltrúa í fastanefnd um samgöngumálum, til að fjalla um endurskoðun samgönguáætlunar sambandsins. Eftirtaldir fulltrúar voru skipaðir;

Birna Lárusdóttir, Forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti og sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, Guðbrandur Sverrisson, sveitarstjórn Kaldrananeshrepps, Guðlaugur Ingólfur Benediktsson, sveitarstjórn Árneshrepps. Sigurður Kjartansson, sveitarstjórn Bæjarhrepps og Valgeir Rúnar Hauksson, sveitarstjórn Súðavíkurhrepps

## **Fundargerðir**

**Fundur starfshóps um endurskoðun samgönguáætlunar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Haldinn þann 7. desember 2007 í fundarsal Þróunarseturs Vestfjarða, Ísafirði og með aðstoð síma frá Hlaðhamri 2, Bæjarhreppi. Fundurinn var boðaður kl. 10.30 en tafðist til kl. 11.20 vegna moksturs um Hrafseyrarheiði.**

Á fundinn mættu: Anna Guðrún Edvarðsdóttir, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Valgeir Hauksson, Jóhann Hannibalsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Guðbrandur Sverrisson, Ingólfur Benediktsson, Birna Lárusdóttir, Þórólfur Halldórsson, auk Sigurðar Kjartanssonar sem var í síma.

Anna Guðrún Edvarðsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til fundarins. Jafnframt var tilkynnt að Már Ólafsson, Strandabyggð hefði boðað forföll.

Til fundarins var boðað með dagskrá dags. 3. desember s.l.

### **1. Erindisbréf**

Samþykkt að erindisbréf nefndarinnar sé samkvæmt ályktun 52. Fjórðungspings Vestfirðinga. Starfshópnum ber því að taka til skoðunar vegamál, flug, fjarskipti og hafnir á Vestfjörðum.

### **2. Skipulag funda**

Anna Guðrún Edvarðsdóttir óskaði eftir hugmyndum að skipulagi funda starfshópsins. Birna Lárusdóttir, sem formaður starfshóps sem vann skýrslu um Samgöngur á Vestfjörðum árið 2004, skýrði hvernig vinnu hópsins hefði staðið. Þórólfur Halldórsson sem einnig sat í starfshópum ræddi málið einnig.

Rædd sjónarmið um tímamörk á vinnu nefndarinnar og umfang hennar. Rætt um mögulega vettvangsferð nefndarinnar, ákvörðun frestað til næsta fundar. Samþykkt að hópurinn sendi nú þegar frá sér ályktun um vegamál á Vestfjörðum. Framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga er síðan falið að útbúa viðhorfskönnun, til að leggja fyrir innan nefndarinnar, varðandi forgangsröðun vegaframkvæmda á Vestfjörðum. Könnunin verði lögð fyrir nefndarmenn og niðurstöður liggi fyrir næsta fund nefndarinnar.

### **3. Önnur mál**

Samin eftirfarandi ályktun um samgöngumál á Vestfjörðum:

*Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga sem er skipuð fulltrúum allra sveitarfélaga á Vestfjörðum, skorar á Kristján L Möller, samgönguráðherra, að fylgja eftir samþykktum vestfirskra sveitarstjórnarmanna í vegamálum. Þar eru brýnustu forgangsverkefni þau að flýta framkvæmdum við Vestfjarðaveg, þ.m.t. þverun Þorskafjarðar, hraða undirbúningi að heilsársvegtengingu frá Patreksfirði til Ísafjarðar, með jarð-göngum milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða og stórbæta vegi á Ströndum einkum í Árnes- og Kaldrananeshreppum.*

*Hafin er vinna við endurskoðun stefnumótunar Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum frá 2004. Umfangsmiklar samgöngubætur eru að verða að veruleika á Vestfjörðum og má þar telja göng milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, þverun Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi og gerð vegar um Arnkötuladal.*



*Þó er enn mjög langt í land til að samgöngur í fjórðungnum geti talist full-nægjandi. Því mun samgöngunefnd leggja fram endurskoðaða samgönguáætlun fyrir Vestfirði sem mikilvægt er að tekið verði tilliti til við umfjöllun í samgöngu-áætlun Alþingis fyrir árin 2007 – 2018.*

Næsti fundur verði 15. janúar 2008.  
Fundu slitið kl. 13.30

**Fundur starfshóps um endurskoðun samgönguáætlunar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Haldinn þann 14. janúar 2008 í Stofu 3 í Háskólasetri Vestfjarða, Ísafirði og með aðstoð fjarfundabúnaði frá Patreksfirði og síma frá Árnesi 2, Árneshreppi. Fundurinn hófst kl. 13.00.**

Á fundinn mættu: Anna Guðrún Edvardsdóttir, Valgeir Hauksson, Jóhann Hannibalsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Guðbrandur Sverrisson, Sigurður Kjartansson og Birna Lárusdóttir. Þórólfur Halldórsson og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir voru í fjarfundabúnaði frá Patreksfirði og Ingólfur Benediktsson var í síma. Már Ólafsson, boðaði forföll.

Fundargerð ritaði Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, starfsmaður Fjórðungssambandsins.

Anna Guðrún Edvardsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til fundarins.

Til fundarins var boðað með dagskrá dags. 3. janúar s.l.

#### 1. Viðhorfskönnun – niðurstöður og umræður

Farið yfir helstu niðurstöður viðhorfskönnunar. Albertína Friðbjörg starfsmaður kynnti úrvinnslu könnunarinnar. Birna Lárusdóttir benti á mikilvægi þess að leggja áherslu á stóru málin og vera ekki of smámunasöm í skýrslunni. Anna Guðrún tók undir það en taldi þó að gott hafi verið að vera frekar smámunasamari í viðhorfskönnuninni til að nefndarmenn gerðu sér betur grein fyrir stöðu mála. Guðbrandur tók einnig undir með Birnu, en taldi jafnframt að gott væri að vita hvar þarf að taka til hendinni á hverjum stað. Þórólfur ræddi um að mikilvægt væri að fara mjög vel yfir þessar niðurstöður og að umræðan í dag væri aðeins fyrsta umferð. Jafnframt benti hann á að engar ákvarðanir væri hægt að taka fyrr en búið væri að fara í kynnisferðina. Þórólfur benti einnig á mikilvægi þess að skilgreina vel þá vegi sem verið er að ræða um.

- Rætt um fund sem fulltrúar stjórnar Fjórðungssambandsins áttu með Kristjáni Möller samgönguráðherra. Aðalsteinn sagði frá helstu upplýsingum sem fengust á þeim fundi. Þórólfur benti á mikilvægi þess að nefna ekki of marga jarðgangnakosti í einu, heldur leggja áherslu á Dynjandisheiði þangað til hún væri komin á koppinn. Þórólfur benti á að verkefni sem voru sett í forgang fyrir 11 árum og eru enn óklárud. Þessi verkefni eru leiðin frá Vestfjarðavegi til Drangnes, tengingin út á flugvöll á Patreksfirði og partinn af Barðastrandavegi fyrir neðan Kleifaheiði.

- Anna Guðrún spurði nefndarmenn hvernig þeir telji best að vinna framhaldið. Birna taldi að mikilvægt væri að fara í kynnisferðina áður en áherslur í vegamálunum verði ákveðnar. Anna Guðrún lagði til hópurnir myndi byrja á að vinna að fjarskiptamálum, flugvöllum, höfnum og fleira, en vegirnir geymdir þar til búið væri að fara í kynnisferðina. Þetta samþykkt og starfsmanni falið að afla upplýsinga fyrir þann hluta.

#### 2. Samgöngumiðstöð í Reykjavík

Rætt um ályktun samtakanna Betri Byggð í Reykjavík þar sem mótmælt er byggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík. Birna Lárusdóttir greindi frá innihaldi ályktunarinnar og

lagði til að hópurinn samþykkti ályktun til stuðnings samgönguráðherra um samgöngumiðstöðvar í Reykjavík. Jafnframt lagði hún það til að jafnvel ætti hópurinn að reyna að samþykkja ályktanir á hverjum fundi til að sýna að nefndin sé að starfa. Samþykkt að semja ályktun um málið í lok fundarins.

### 3. Kynnisferð nefndarinnar

Rætt um kynnisferð nefndarinnar sem fara þarf fljótlega til að kynnst betur stöðu vega og mannvirkja á Vestfjörðum. Rætt um að stefna að því að fara í ferðina um í byrjun apríl ef tíðin leyfir. Fundarmenn samþykktu það. Eyrún lagði til að skoðað væri hvort hægt væri að leigja flugvél fyrir nefndina og fljúga á milli staða og keyra út frá þeim. Starfsmanni falið að skoða hugsanlegan kostnað við slíka leigu.

### 4. Önnur mál

- Þórólfur greindi frá því að hann hefði sent inn grein til [www.bb.is](http://www.bb.is) varðandi vegalengd á milli Tálknafjarðar og Ísafjarðar.

- Gústaf Jökull ræddi einhliða umræðu sem hefur verið í fjölmiðlum að undanfögnu varðandi Teigsskóg og vegalagninu í gegnum hann.

- Sigurður Kjartansson benti á það að lítið hefur gerst í vegamálum á sunnanverðum Vestfjörðum. Eins að mikilvægt sé að hanna nýja vegi þannig að þeir séu sem öruggastir.

- Anna Guðrún lagði til að fundi yrði slitið og ályktunin send til fundarmanna til samþykktar í tölvupósti eftir fundinn. Það samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 14.20

**Fundur starfshóps um endurskoðun samgönguáætlunar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Haldinn þann 10. mars 2008 í Stofu 2 í Háskólasetri Vestfjarða, Ísafirði og með aðstoð fjarfundabúnaði frá Patreksfirði og síma frá Hlaðhamri 2, Bæjarhreppi. Fundurinn hófst kl. 13.00.**

Á fundinn mættu: Anna Guðrún Edvardsdóttir, Valgeir Hauksson og Birna Lárusdóttir voru á Ísafirði. Þórólfur Halldórsson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson voru í fjarfundi frá Patreksfirði, Már Ólafsson var í fjarfundi frá Hólmavík og Sigurður Kjartansson var í síma frá Hlaðhamri 2, Bæjarhreppi.

G. Ingólfur Benediktsson, Guðbrandur Sverrisson og Jóhann Hannibalsson voru forfallaðir.

Fundargerð ritaði Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, starfsmaður Fjórðungssambandsins.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá dags. 4. mars s.l.

1. Flugsamgöngur á Vestfjörðum
  - Til fundarins mætir Guðbjörn Charlesson umdæmisstjóri Flugstoða í fjórðungnum
2. Fjarskiptamál á Vestfjörðum
  - Til fundarins mætir Björn Davíðsson þróunarstjóri hjá Snerpu ehf.
3. Hafnarmál
  - Send verður út óformleg fyrirspurn varðandi stöðu hafnarmála í tölvupósti til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og verða svör þeirra kynnt á fundinum.
4. Ferð samgönguhóps um vegakerfi Vestfjarða

## 5. Önnur mál

Anna Guðrún Edvardsdóttir setti fundinn.

### 1. Flugsamgöngur á Vestfjörðum

- Til fundarins var mættur Guðbjörn Charlesson umdæmisstjóri Flugstoða ohf í fjórðungnum.

Guðbjörn kynnti stöðu flugmála, áætlunarflugvalla og landingarstaða á Vestfjörðum fyrir nefndinni, sem og nýtingu þeirra og möguleika í framtíðinni.

Guðbjörn yfirgaf fundinn kl. 14.05.

### 2. Fjarskiptamál á Vestfjörðum

- Til fundarins var mættur Björn Davíðsson þróunarstjóri hjá Snerpu ehf..

Lögð var fram fundargerð fundar sem haldinn var á vegum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Vaxtarsamnings Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 6. mars s.l. um fjarskiptamál/gagnaflutningsöryggi á Vestfjörðum. Á þeim fundi var samþykkt að fela Samgönguhóp Fjórðungssambands Vestfirðinga að taka ákvörðun um hver næstu skref ættu að vera varðandi uppbyggingu hringtengingar ljósleiðara á Vestfjörðum. Björn Davíðsson rakti þau helstu atriði sem fram komu á fundi fyrri viku og svaraði spurningum fundarmanna.

Björn yfirgaf fundinn kl. 14.42.

Samgönguhópurinn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að vinna samkvæmt ályktun fundarins 6. mars s.l.. Samkvæmt samþykkt þess fundar er framkvæmdastjóra falið að leita eftir fjármunum til að láta gera viðskiptaáætlun, auk þess að kalla saman fulltrúa fyrirtækja og hagsmunaaðila í fámennan starfshóp. Starfshópur þessi myndi í samstarfi við stjórn Fjórðungssambandsins láta vinna viðskiptaáætlun og í framhaldinu undirbúa stofnun formlegs félags sem yrði opið þátttöku öllum þeim sem vilja leggja hönd á plóg og leggja hlutafé í félagið. Áhersla er lögð á að þessari undirbúningsvinnu verði hraðað eins og mögulegt er.

### 3. Hafnarmál

- Send var út óformleg fyrirspurn varðandi stöðu hafnarmála í tölvupósti til framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Þegar fundurinn hófst hafði aðeins eitt sveitarfélag, Árneshreppur, svarað fyrirspurninni. Samgöngunefnd samþykkir að fela starfsmönnum að ítreka fyrirspurnina við þau sveitarfélög sem enn hafa ekki svarað, vinna samantekt úr svörunum og senda á nefndina fyrir næsta fundi. Þessum fundarlið að öðru leiti frestað.

### 4. Ferð samgönguhóps um vegakerfi Vestfjarða

- Spurning um hvenær vorar og hvort fljúga eigi e-n hluta leiðarinnar.

Samþykkt að stefna að ferð samgönguhóps um vegakerfi Vestfjarða dagana 16. og 17. maí.

Framkvæmdastjóra falið að útfæra ferðina betur og skoða kosti varðandi að fá leiguflug a.m.k. hluta leiðarinnar og koma með tillögu á næsta fund nefndarinnar.

### 5. Önnur mál

Birna Lárusdóttir vakti máls á nokkrum atriðum er varða tengingu á milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða.

- Rætt var um að vegagerð yfir Dynjandisheiði væri kostur sem ekki væri hægt að una við. Því rætt hvort æskilegt væri að fara fram á það við Vegagerðina og/eða

Samgönguráðuneytið að kanna alla mögulega jarðgangnakosti til eru úr Arnarfirði í

Barðastrandasýslur og leggja í framhaldinu fram vel ígrundaða kosti þannig að allar upplýsingar liggi fyrir. Einnig var rætt um að óska eftir því að í slíkri úttekt yrði sá valkostur skoðaður að fá hraðskreiðari ferju yfir Breiðafjörð og eins að tekið yrði tillit til hugsanlegrar olúhreinistöðvar í Hvestu í Arnarfirði eða á Söndum í Dýrafirði. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og formanni að skrifa bréf vegna þessa til Vegagerðarinnar í Borgarnesi í samræmi við umræðurnar á fundinum og senda drög að bréfi á nefndina til samþykktar.

- Rætt um hvort ástæða væri til að fá fund með samgönguráðherra þar sem honum yrði gerð grein fyrir afstöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum varðandi samgöngumál.

- Rætt um stöðu samgangna á svæðinu í dag, einkum var rætt um snjómokstur á Hrafnseyrar- og Dynjandisheiði. Samþykkt var að senda út eftirfarandi ályktun:

*Starfshópur um endurskoðun samgönguáætlunar Fjórðungssambands Vestfirðinga óskar eftir því að nú þegar verði hafist handa við snjómokstur um Hrafnseyrar- og Dynjandisheiðar og norður í Árneshrepp, að því gefnu að öryggi snjómokstursmanna verði tryggt.*

*Með hækkandi sól, verður áberandi hversu óeðlilegt það er að vegfarendur sem leið eiga milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða þurfi í dag að aka um 1200 kílómetra, fram og til baka, til að geta sótt og sinnt þjónustu milli þessara svæða. Svipað á við um Árneshrepp, en íbúar hreppsins geta ekki nýtt sér landsamgöngur stóran hluta ársins.*

*Starfshópurinn vill benda á að Vestfirðir eru á margvíslegan hátt ein stjórnslueining af stjórnvalda hálfu og hefur sameiginlegum málaflökkum fjórðungsins verið að fjölga. Einnig má nefna að opinberar þjónustu- og rannsóknarstofnanir þurfa að senda starfsmenn á milli svæða reglulega árið um kring auk þess sem fyrirtæki eru að reyna að bjóða þjónustu á báðum svæðum. Það er því ekki óeðlilegt að óskað sé eftir að reglubundinn snjómokstur sé tryggður eins og kostur er, sem og nauðsynlegt fjármagn. Að öðrum kosti eru stjórnvöld komin í mótsögn við eigin stefnu og framtíðarsýn fyrir svæðið.*

- Að lokum var rætt um skemmdir sem hafa orðið á hafnarmannvirkjum í Flatey vegna þess að nýja Breiðafjarðarferjan mun vera of stór fyrir höfnina í Flatey.

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn í apríl. Nánari dagsetning verður ákveðin síðar.

Fundi slitið kl. 15.30.

### **Fundur samgönguhóps Fjórðungssambands Vestfirðinga, fimmtudaginn 29. maí 2008 kl 10.30. í Flókalundi við Vatnsfjörð.**

Mætt voru til fundar Anna Guðrún Edvardsdóttir, Birna Lárusdóttir, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson, Guðbrandur Sverrisson, Ingólfur Benediktsson, Jóhann Hannibalsson, Valgeir Rúnar Hauksson, Sigurður Kjartanssonar og Þórólfur Halldórsson.. Már Ólafsson boðaði forföll. Einnig sat Aðalsteinn Óskarsson fundinn og ritaði fundargerð.

Anna Guðrún setti fundinn og bauð sérstaklega velkomna þá Gísla Eiríksson, umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Ísafirði og Magnús Val Jóhannsson, svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Norðvestursvæði.

Dagskrá fundarins var send út þann 14. maí s.l

1. Samgönguhópur kynnir áherslur í vegamálum.
2. Verkefni í vegagerð 2008.
3. Verkefni innan samgönguáætlunar 2007-2010 og viðauka við samgönguáætlun Hádegishlé.
4. Jarðgöng á Vestfjörðum.
5. Vegagerð á Vestfjörðum til loka árs 2018
6. Fundur samgönguhóps

Anna Guðrún kynnti að leitast hefði verið við að skipuleggja vettvangsferð um vegakerfi á Vestfjörðum eins og rætt var á fyrri fundum nefndarinnar, það hefði ekki tekist af ýmsum ástæðum. Niðurstaðan var að halda lengri fund í Flókalundi og boða fulltrúa Vegagerðarinnar til að fjalla um vegagerð á Vestfjörðum á næstu árum.

Gengið til dagskrár.

1. Anna Guðrún skýrði frá starfi samgöngunefndar og ályktunum sem nefndin hefði þegar sent frá sér varðandi samgöngumál. Hún innti að lokum eftir svari við erindi Fjórðungssambands Vestfirðinga til Vegagerðarinnar varðandi úttekt á jarðgangakostum undir Dynjandisheiði og mögulegum ferjusamgöngum í tengslum við þá framkvæmd.
2. Magnús Valur kynnti framkvæmdir Vegagerðarinnar á árinu 2008, nýframkvæmdir og endurbætur á núverandi vegakerfi, breikkun vega og fækkun einbreiðra brúa..
3. Magnús Valur kynnti áætlanir um framkvæmdir til loka árs 2010. Fjárveitingar til vegagerðar á þessu tímabili eru um þrefalt meiri en meðaltal árána 1995-2003. Kæmi þar til auknar fjárveitingar almennt en auk þess fjármagn vegna sölu Símans og vegna mótvægisáðgerða við þorskaflasamdrætti. Mikið álag hefði verið og væri á verkfræðistofum vegna þenslu í efnahagslífínu og tafir á verkefnum vegna þessa, hönnun vega væri þar ekki undanskilin. Tafir væru því á þeim verkefnum. Reynt væri að hraða verkefnum enda væri fjármagn til reiðu, væri þess vænst að standa mætti við vegaáætlun eins og hún hefði verið samþykkt á Alþingi. Hér væri sérstaklega horft til endurbóta á Vestfjarðavegi 60. Nokkrar áhyggjur mætti þó hafa af hækkandi olíuverði og lækkandi gengi krónunnar. Hann upplýsti að lokum að erindi FV um athugun á jarðgangakostum yrði svarað jákvætt, yrði það staðfest með bréfi. Magnús ræddi einnig 5. dagskrár lið, endurskoðun færi nú fram á þeirri áætlun til ársins 2018, en fékkst ekki afgreidd á Alþingi á vorþingi 2007. Lítið væri um málið að segja á þessu stigi. Áætlunin lægi í fyrir í sinni mynd og fyrirliggjandi væri að hún yrði endurskoðuð miðað við aukið fjármagn á fyrsta tímabili, til loka árs 2010. Nefndarmenn lögðu fyrirspurnir er vörðuðu framkvæmdir, s.s. Vestfjarðaveg, endurbætur og nýframkvæmdir, ferjusiglingar og nýjungar í því sviði s.s. hraðferjur, Strandaveg, veg í Hrútafirði, einbreiðar brýr, einbreytt slitlag og öryggismál.

Gert var hádegishlé. 12.15

4. Gísli Eiríksson. Dreifði minnisblaði. Rakti vegagerð á Vestfjörðum frá 1970. Kynnti stöðu jarðgangagerðar á Íslandi á síðustu árum og stefnumótun sem unnin var í upphafi tíunda áratug síðustu aldar. Skilgreint hefði verið hvaða vegi væri ekki hægt að endurbæta nema með jarðgöngum. Ný sjónarmið hefðu komið fram síðar og

komu þau að hluta fram í nýrri áætlun sem kynnt var árið 2000. Aukið fé kæmi nú til vegaf framkvæmda og jarðgöng væru þar áberandi. Ný stefna væri nú kynnt um að jarðgangagerð á Íslandi. Yrði nú um samfellda jarðgangagerð í stað hléa eins og á síðustu árum. Á Vestfjörðum væru nú hafnar framkvæmdir við Óshlíðargöng / Bolungarvíkurgöng og framkvæmdir við göng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar (Dýrafjarðargöng) ættu að hefjast á árinu 2009 en af fullum þunga árið 2010. G.E. ræddi síðan um áframhaldandi vegagerðar / jarðgangagerðar um Dynjandisheiði, leita yrði niðurstöðu í því verkefni í samhengi við gerð Dýrafjarðarganga. Ýmsar útfærslur væru til skoðunar, vegagerð væri vel framkvæmanleg og jarðgöng einnig en lengd þeirra væri ákveðið vandamál. Ljóst væri að miklu munaði í kostnaði á uppbyggingu vegar og jarðgöngum. G.E. Ræddi síðan önnur jarðgöng á Vestfjörðum og forgangsöröðun þeirra og hugsanlegar millibils aðgerðir sem mætti fara í svo sem á Súðavíkurhlíð, á meðan beðið væri endanlegrar lausnar, sem jarðgöng væru.

Nefndarmenn lögðu fram fyrirspurnir

5. (dagskrárlið flýtt, sjá 3. lið) Anna Guðrún þakkaði þeim Magnúsi og Gísla fyrir greinagóðar kynningar og svör við fyrirspurnum.

Kaffihlé kl 15.30 -16.00 í kaffihléi urðu jarðskjálftar í Ölfusi en urðu nefndarmenn einskins varir. Birna Lárusdóttir og Eyrún Ingibjörg viku af fundi í kaffihléi.

6. Fundur samgöngunefndar.  
Anna Guðrún setti fundinn að nýju.

Kynnt umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga dags 13. maí 2008 um viðauka við þingsályktun um samgönguáætlun 2007-2010. Umsögnin byggir á ályktunum og umfjöllun samgöngunefndar fyrr á þessu ári.

Kynnt minnisblað frá Guðrínu Stelli Gissurardóttur, forstöðumanni skrifstofu Vinnumálastofnunar á Ísafirði, um almenningssamgöngur og stefnu Vinnumarkaðsráðs Vestfjarða í þeim efnum.

Kynnt minnisblað Þorgeirs Pálssonar, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum.

Rætt um efnistöð í skýrslu nefndarinnar. Framkvæmdastjóra falið að taka saman drög að skýrslu og senda nefndarmönnum. Leggja ber áherslu á stuttan texta með skýrum markmiðum og setja fram atriði sem hér segir;

- skilgreining samgöngusvæða og forgangsöröðun verkefni frá 2004 haldi sér
- minna á markmið stjórnvalda um uppbyggingu þriggja byggðakjarna utan höfuðborgarsvæðis og vísa til eflingar grunngerðar við uppbyggingu byggðakjarna á Akureyri og Mið-Austurlandi á síðustu árum.
- framkvæmdir við olíuhreinsunarstöð en vænta megi mjög fljótlega niðurstöðu um staðarval.
- Vegagerð í Árneshrepp, gera verði úttekt á heildarframkvæmd og tryggja fjármagn. Minna beri á markmið þingsályktunar um verndun menningarlandslags í Árneshreppi frá árinu 2003 og skýrslu starfshóps sem unnin var í framhaldinu
- Málefni tengivega, Vegagerð beri að hafa nánara samráð við sveitarfélögin um framkvæmdir á tengivegum og þjónustu á þeim. Einnig framkvæmdir stofnvega þegar unnið er að endurbyggingu þeirra, s.s. í Hrutafirði.

- Leggja áherslu á að framkvæmd við Dýrafjarðargöng sé unnin sem aðgreint verkefni óháð ákvörðunum um framhald tengingar um eða yfir Dynjandisheiði. Ákvörðun um Dynjandisheiði verði tekin sérstaklega.
- Almenningsamgöngur. Efla almenningsamgöngur innan svæða og milli þjónustusvæða, benda á nýja stöðu í tengingum samgöngusvæða eftir því sem framkvæmdum í vegagerð lýkur á næstu árum.
- Póstþjónusta, gera kröfu um að endurskoðað verði kerfi póstflutninga þannig að gætt sé jafnræðis í gagnvart öllum landsmönnum í alþjónustu Íslandspósts
- Ferjusiglingar um Breiðafjörð. Endurskoðað verði samkomulag um fækkun á ferðum Baldurs, á næstu árum, krafan er að þeim verði ekki fækkað fyrr en Vestfjarðavegur nr 60 sé að fullu uppbyggður. Gerð verði könnun á rekstri hraðferju um Breiðafjörð m.a. í tengslum við uppbyggingu stóriðnaðar við Arnarfjörð og eða Dýrafjörð.
- Sjóflutningar. Samgöngunefnd fylgir stefnu sjávarútvegsklasa að efla beri sjóflutninga. Kalla þarf eftir niðurstöðu nefndar viðskiptaráðherra um jöfnun flutningskostnaðar
- Fjarskipti og gagnaflutningar. Fagnað er áföngum í GSM væðingu og vænst er góðrar niðurstöðu af útboðum á háhraðaneti og ljósleiðaraþráðum. Gera þarf kröfu á stjórnvöld að þau komi að verkefni um hringtengingu ljósleiðar um Vestfirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.00

## **Ályktanir**

### **Ályktun samgönguhóps frá fundi þann 7. desember 2007.**

*Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga sem er skipuð fulltrúum allra sveitar-félaga á Vestfjörðum, skorar á Kristján L Möller, samgönguráðherra, að fylgja eftir samþykktum vestfirskra sveitarstjórnarmanna í vegamálum. Þar eru brýnustu forgangs-verkefni þau að flýta frankvæmdum við Vestfjarðaveg, þ.m.t. þverun Þorskafjarðar, hraða undirbúningi að heilsársvegtengingu frá Patreksfirði til Ísafjarðar, með jarð-göngum milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða og stórbæta vegi á Ströndum einkum í Arnes- og Kaldrananeshreppum.*

*Hafin er vinna við endurskoðun stefnumótunar Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum frá 2004. Umfangsmiklar samgöngubætur eru að verða að veruleika á Vestfjörðum og má þar telja göng milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, þverun Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi og gerð vegar um Arnkötludal.*

*Þó er enn mjög langt í land til að samgöngur í fjórðungnum geti talist full-nægjandi. Því mun samgöngunefnd leggja fram endurskoðaða samgönguáætlun fyrir Vestfirði sem mikilvægt er að tekið verði tilliti til við umfjöllun í samgöngu-áætlun Alþingis fyrir árin 2007 – 2018.*

### **Ályktun samgönguhóps frá fundi þann 14. janúar 2008**

*Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál lýsir yfir fullum stuðningi við fyrirhugaða byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri í Reykjavík enda mun hún valda straumhvörfum í þjónustu við þá gesti höfuðborgarinnar sem ferðast með flugi eða áætlunarþjónustu.*

*Ljóst er að með tilkomu slíkrar samgöngumiðstöðvar munu tengsl landsbyggðar og höfuðborgar eflast, einkum með tilliti til þeirra mennta- og rannsóknastofnanna sem eru, og munu verða staðsettar í Vatnsmýrinni og miðbæ Reykjavíkur.*

*Þá gerir staðsetning samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni allan aðgang landsmanna til og frá höfuðstaðnum auðveldari og fljótvirkari. Þar sem stjórnslátt og stór hluti þjónustu ríkisins, s.s. sérhæfð heilbrigðisþjónusta, er til staðar í miðborginni er mjög mikilvægt fyrir íbúa landsbyggðarinnar að hafa greiðan aðgang að þeirri þjónustu. Jafnframt eru í byggingu menningar- og þjónustumiðstöðvar á Hafnarsvæðinu í Reykjavík, sem er örstutt frá Reykjavíkurlugvelli. Staðsetning flugvallar og samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni styrkir einnig ferðaþjónustu, jafnt í höfuðborginni sem og á landsbyggðinni, því ekki þarf að fara langa vegalengd með ferðamenn eða ráðstefnugesti til að sýna þeim landið, hvort sem er í lofti eða á láði.*

*Í dag fara fleiri farþegar í gegnum Reykjavíkurlugvöll, heldur en gerðu í millilandaflugi árið 1987 þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var opnuð. Það er því löngu tímabært að við flugvöllinn í höfuðborg Íslands rísi nútímaleg samgöngumiðstöð þar sem gestum borgarinnar er boðið upp á fyrsta flokks þjónustu.*



## **Ályktun samgönguhóps frá fundi þann 10. mars 2008**

*Starfshópur um endurskoðun samgönguáætlunar Fjórðungssambands Vestfirðinga óskar eftir því að nú þegar verði hafist handa við snjómokstur um Hrafnseyrar- og Dynjandisheiðar og norður í Arneshrepp, að því gefnu að öryggi snjómokstursmanna verði tryggt.*

*Með hækkandi sól, verður áberandi hversu óeðlilegt það er að vegfarendur sem leið eiga milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða þurfi í dag að aka um 1200 kílómetra, fram og til baka, til að geta sótt og sinnt þjónustu milli þessara svæða. Svipað á við um Arneshrepp, en íbúar hreppsins geta ekki nýtt sér landsamgöngur stóran hluta ársins.*

*Starfshópurinn vill benda á að Vestfirðir eru á margvíslegan hátt ein stjórnsýslueining af stjórnvalda hálfu og hefur sameiginlegum málaflokkum fjórðungsins verið að fjölga. Einnig má nefna að opinberar þjónustu- og rannsóknarstofnanir þurfa að senda starfsmenn á milli svæða reglulega árið um kring auk þess sem fyrirtæki eru að reyna að bjóða þjónustu á báðum svæðum. Það er því ekki óeðlilegt að óskað sé eftir að reglubundinn snjómokstur sé tryggður eins og kostur er, sem og nauðsynlegt fjármagn. Að öðrum kosti eru stjórnvöld komin í mótsögn við eigin stefnu og framtíðarsýn fyrir svæðið.*